

Alþingi
Erindi nr. P (39/1514)
komudagur 24.2.2011



Geirsgata 9 · 101
Reykjavík
Sími: 535-5500 · Fax:
535-5501

upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalag.is

Strandgata 29 · 600
Akureyri
Sími: 535-5510 · Fax:
535-5511

upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalag.is

Skrifstofa Alþingis
Bt. Nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. febrúar 2011

Efni: Viðbótarumsögn Ferðamálastofu við frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald.

Mál: 359 - Þskj.: 459

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald (heildarlög), 359. mál.

Ferðamálastofa sendi inn umsögn um umrætt frumvarp 15. febrúar s.l. Í þeirri umsögn láðist að gera eftirfarandi breytingatillögur og athugasemdir, en einnig er í þessu samhengi vísað til umræðu á fundi efnahags- og skattanefndar 21. febrúar 2011:

1. Með tilkomu Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar og markaðs tekjustofns til framkvæmda í þjóðgörðum og á öðrum friðlýstum svæðum skapast langþráð tækifæri til uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða út frá sjálfbærnisjónarmiðum, möguleikar á að auka samþættingu ferðamála og náttúruverndarsjónarmiða sem og tækifæri til að tryggja betur öryggi ferðamanna.

Skilningur á tengslum ferðaþjónustu, sjálfbærrar atvinnusköpunar og náttúruverndar er sífellt að aukast. Á sama tíma er mönnum ljóst að illa ígrunduð og óskipulögð ferðaþjónusta getur valdið ágangi á náttúru og samfélög. Fræðimaðurinn Stephen McCool er meðal þeirra sem rannsakað hefur hvernig umhverfi og samfélög geta hagnast á aukinni ferðaþjónustu, hvernig samþætt ráðsmennska (e. „stewardship“) getur aukið hagsæld og til hvaða aðgerða þarf að grípa til þess að náttúruferðaþjónusta, sjálfbærni og friðunaraðgerðir fari saman. Samkvæmt honum er afar mikilvægt að samþætta menningarleg, fagurfræðileg og náttúrufræðileg sjónarmið með þátttöku sveitarfélaga, stjórnvalda, almennings og þeirra aðila sem byggja atvinnu sína á náttúruverndarsvæðum.

Með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum hefði verið farsælast að tekjustofninn rynni í heild sinni í sameiginlegan sjóð undir stjórn fagnefndar sem í sætu ferðapjónustuaðilar, fulltrúar sveitarfélaga auk fulltrúa opinberra stjórnvalda á sviði ferðamála og náttúruverndar og að unnið yrði á grunni heildstæðrar, samræmdrar stefnu og forgangsröðunar við ákvörðun verkefna.

Kannanir hafa sýnt að um 80% erlendra ferðamanna byggja ákvörðun sína um að heimsækja landið á hugmyndum um einstætt náttúrufar. Fullyrða má að flestir staðir, sem taldir eru til ferðamannastaða í daglegu tali teljist jafnframt til náttúruverndarsvæða skv. 8.tl. 3.gr. náttúruverndarlaga 44/1999. Með sama hætti má fullyrða að flest friðuð svæði á Íslandi teljist með helstu ferðamannastöðum landsins.

Það er því mikilvægt að tryggja að unnt verði að marka heildstæða stefnu um fjármögnun og forgangsröðun verkefna sem umrædd gjöld eiga að renna til, óháð því hvort fjármunir fara um Framkvæmdasjóð ferðapjónustunnar eða renna beint til þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Mjög brýnt er að byggja upp ferðamannastaði til að geta tekið á móti þeim aukna fjölda ferðamanna sem gert er ráð fyrir að sækji Ísland heim á komandi árum, en jafnframt liggur fyrir að umfangsmikil verkefni á sviði viðhalds á fjölsóttum ferðamannastöðum bíða fjármagns til framkvæmda.

Á vinnslutíma þessa frumvarps lagði Ferðamálastofa til lista yfir 49 staði og svæði þar sem brýnast er að fara í framkvæmdir. Þessi listi er byggður á reynslu starfsmanna Ferðamálastofu, en einnig var leitað eftir tillögum og umsögnum forstöðumanna markaðsstofa landshlutana, Umhverfisstofnunar, Samtaka ferðapjónustunnar og Ferðamálasamtaka Íslands. Ekki er til kostnaðargreining á þessum framkvæmdum en ljóst má vera að um verulegar upphæðir er að ræða sem hlaupa á hundruðum milljóna króna.

Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Fjársýslu ríkisins og Hönnunarmiðstöð Íslands hafið vinnu við gerð leiðbeiningarrits um gerð vandaðra ferðamannastaða, þar sem m.a. er tekið tillit til landfræði, menningar og sögu viðkomandi svæðis og er áætlað að þeirri vinnu ljúki á komandi hausti. Afrakstur þessarar vinnu ætti að nýtast vel þegar kemur að hönnun og skipulagningu ferðamannastaða og kostnaðargreiningum á framkvæmdum. Jafnframt leggur Ferðamálastofa nú, í samvinnu við Umhverfisstofnun og Slysavarnarfélagið Landsbjörgu, lokahönd á gerð öryggisstefnu fyrir ferðamannastaði sem ætla má að geti orðið forráðamönnum þessa tekjustofns til stuðnings við stefnumörkun og áætlanagerð.

Í frumvarpinu kemur ekki fram með skýrum hætti til hvers kyns verkefna þeir 2/5 gjaldanna, sem renna eiga til þjóðgarða og friðlýstra svæða skulu fara. Kveða þarf skýrar á um með hvaða hætti þessum fjármunum skuli ráðstafað og tryggja að um samlegð við Framkvæmdasjóð ferðapjónustunnar verði að ræða, verði niðurstaðan ekki sú að setja á stofn einn öflugan sjóð sem starfar undir formerkjum samþættingar ferðapjónustu, náttúruverndar og sjálfbærrar atvinnuuppbyggingar.

2. Ferðamálastofa leggur til að á eftir orðunum „annars konar gistingu“ í 2. mgr. 3. gr. í komi orðin: „og tjaldsvæðum“. Ennfremur leggur Ferðamálastofa til að athugasemdir við 3. gr. breytist til samræmis.

Lögð er áhersla á að gistingu gjald skuli leggjast á alla gistingu, einnig gistingu á tjaldsvæðum. Gisting á tjaldsvæðum taldi um 20% af heildar gistingu árið 2009 og sem dæmi þá má nefna að af einstaka markaðssvæðum þá telja gistingu á tjaldsvæðum yfir 25% af heildargistingu gesta frá Belgíu, sama tala fyrir nokkur önnur lönd er; Þýskaland 16,1%, Frakkland 22,6%, Sviss 20,9% og fyrir Íslendinga var þessi tala 40% fyrir árið 2009. Það er því ljóst að þarna er um verulega stóran hóp að ræða og til að gæta jafnræðis þá er mikilvægt að þessi gjaldtaka nái til allra sem nýta þessa þjónustu.


Einnig leggur Ferðamálastofa til að setningin „Samkvæmt þessu fellur sala á tjaldsvæði ekki undir skilgreiningu laganna“ í 3 málslið 2 mgr. athugasemda með 5. gr. falli brott.

Að lokum við Ferðamálastofa ítreka ánægju sína með að fyrirhugað sé að tryggja gjaldstofn í þau mikilvægu verkefni sem bíða uppbyggingar og framkvæmda á ferðamannastöðum og náttúruverndarsvæðum og náttúruverndar og hlakkar til að takast á við þessi verkefni í samvinnu við aðra þá sem að málum koma.

Meðf.: Listi Ferðamálastofu yfir 49 staði og svæði þar sem brýnast er að fara í framkvæmdir.

Virðingarfyllt,

F.h. Ferðamálastofu



Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri

Framkvæmdasjóður ferðaþjónustunnar

Hugmyndir að fyrstu verkefnum

Þeir listar sem hér koma á eftir eru hugmyndir og tillögur að fyrstu verkefnum og eru þetta allt þekktir ferðamannastaðir. Listarnir eru byggðir á reynslu starfsmanna Ferðamálastofu, leitað var eftir tillögum forstöðumanna Markaðsstofa landshlutanna þeir beðnir að koma með ábendingar frá sínum svæðum. Þá var leitað umsagnar Umhverfisstofnunar, Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Ferðamálasamtaka Íslands (FSÍ).

I. Þekktir ferðamannastaðir í forgang

Eftirtaldir staðir eru þekktir ferðamannastaðir og margir hverjir seglar fyrir sín svæði sem kalla nú þegar á verulegt viðhald eða frekari uppbyggingu.

1. Geysir
2. Gullfoss
3. Þingvellir
4. Skógafoss
5. Hveravellir
6. Grábrók
7. Dimmuborgir
8. Hveraröndin við Námafjall
9. Landmannalaugar og nágrenni
10. Goðafoss
11. Dettifoss (að vestanverðu)
12. Látrabjarg
13. Djúpalónssandur, Dritvík og Svalþúfa
14. Jökulsárlón á Breiðamerkursandi
15. Helgustaðanáma
16. Dyrfjöll – Stóruð
17. Reykjanesfólkvangur /Reykjanestá / Seltún

II. Aðrir þekktir ferðamannastaðir

Eftirtaldir staðir eru í dag vinsælir meðal ferðamanna sem og seglar fyrir sín svæði, flestir af þessum stöðum kalla á heildarskipulag, viðhald og frekari uppbyggingu.

1. Seljalandsfoss
2. Dyrhólaey
3. Reynisfjara
4. Hengifoss
5. Skessugarður / Sænautasel
6. Leirhnjúkur og Víti
7. Hraunfossar
8. Surtshellir og Víðgelmir
9. Dynjandi
10. Rauðisandur

11. Eldborg á Snæfellsnesi
12. Flatey á Breiðafirði
13. Arnarstapi – Hellnar
14. Hvítserkur
15. Safn Samúels Jónssonar Selárdal
16. Krýsuvík
17. Glymur
18. Hafrahvammagljúfur
19. Fljótshlíð / Húsadalur
20. Þjórsárdalur og Stöng
21. Skaftafell og nágrenni
22. Hvannalindir
23. Askja og Drekgil
24. Lakagígar og nágrenni
25. Teigarhorn
26. Surtarbrandsgil
27. Laugavellir
28. Eldborg í Bláfjöllum
29. Mývatn og nágrenni
30. Fjarðarággljúfur
31. Dverghamrar
32. Esjan og nágrenni